



Á minnismóttöku LSH
á Landakoti fer fram
greining og meðferð
vegna heilabilunar.

Síminn þar er: 543 9900

Heilabilun

10 vísbendingar


ÚTGEFANDI:
RANNSÓKNASTOFA HÁSKÓLA ÍSLANDS OG
LANDSPÍTALA - HÁSKÓLASJÚKRAHÚSS
Í ÖLDRUNARFRÆÐUM - RHLÖ
ÆGISGÖTU 26 - 101 REYKJAVÍK
JANÚAR 2004

STYRKARADILI:
MINNINGARSJÓÐUR FÉLAGS
AÐSTANDENDA ALZHEIMERSJÚKLINGA - F.A.A.S.
AUFSTURBRÚN 31 - REYKJAVÍK
SÍMI: 533-1088 GSM: 898 5819
NETFANG: faas@isholf.is

HÖFUNDUR OG ÁBYRGÐARMADUR:
HANNA LÁRA STEINSSON FÉLAGSRÁÐGJAFI

HÖNNUN:
GAGNASMÍÐJA/AV

LJÓSMYND:
GAGNASMÍÐJA/PEÁ



Heilabilun er yfirheiti á sjúkdómum í heila sem geta valdið margháttaðri skerðingu á vitrænni getu. Algengastur þeirra er Alzheimerssjúkdómur.

Eftirfarandi einkenni geta bent til heilabilunar:

1. Minnisörðugleikar

Eitt af algengustu byrjunareinkennum heilabilunar er að gleyma nýliðnum atburðum eða nýjum upplýsingum. Það er eðlilegt að gleyma stundum nöfnum og símanúmerum, en fólk með heilabilun gleymir slíku mun oft og það rifjast síður upp fyrir því.

2. Hlutir á röngum stöðum

Algengt einkenni heilabilunar er að fólk leggur frá sér hluti annars staðar en vanalega og eyðir því miklum tíma í að leita að hlutum eins og lyklum, seðlaveski eða gleraugum og telur jafnvel að þeim hafi verið stolið.

3. Skert áttun

Skert áttun á stað og stund getur fylgt heilabilun. Það veldur því að fólk getur villst í kunnuglegu umhverfi og á erfitt með að fylgjast með hvaða dagur er, mánuður eða ár.

4. Erfiðleikar með daglegar athafnir

Fólk með heilabilun lendir oft í erfiðleikum með að sinna daglegum verkum eins og að halda heimili, matreiða, nota ýmis heimilistæki, versla í matinn og aka bíl. Slík skerðing nefnist verkstol.

5. Skert dómgreind

Heilabilun hefur oft í för með sér skerðingu á dómgreind sem veldur því að fólk á erfitt með að meta aðstæður rétt. Dæmi eru um að fólk klæði sig ekki eftir veðri, festi kaup á hlutum sem ekki er þörf fyrir og missi verðmætamat.

6. Vandkvæði með óhlutbundna hugsun

Fólk með heilabilun á oft erfitt með að setja sig í spor annarra, skilja málshætti eða brandara og finna út úr því hvað útreikningar á tölum þýða.

7. Erfiðleikar með tjáningu

Heilabilun getur valdið skertri tjáningu, svo nefndu málstoli, sem lýsir sér til dæmis með því að fólk gleymir einföldum orðum og reynir þá stundum að finna önnur orð í staðinn.

8. Breytingar á skapi og hegðun

Fólk með heilabilun getur skipt skapi skyndilega, jafnvel án sjáanlegrar ástæðu. Einnig getur skapstórt fólk orðið rólynt.

9. Skortur á frumkvæði

Framtaksleysi er algengur fylgikvilli heilabilunar. Fólk situr þá gjarnan tímunum saman fyrir framan sjónvarpið eða við gluggann. Það sefur meira en það var vant og hefur ekki löngun til að gera það sem það hafði áður yndi af.

10. Persónuleikabreytingar

Ýmsar persónuleikatrufnanir geta fylgt heilabilun eins og tortryggni og skapferlisbreytingar sem oft koma einkum niður á nánustu aðstandendum. Jafnframt verður viðkomandi í síauknum mæli háðari öðrum nákomnum um aðstoð í daglegu lífi.